

## **M-44/2009 Álit 18. ágúst 2009**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2009:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 10. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á kæli- og frystiskáp sem hann keypti 28. desember 2006 af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi gerir þá kröfur að seljandi geri við ísskápinn á eigin kostnað.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftndin ritaði Y bréf, dags. 15. júní, og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 26. júní. Seljandi fékk þann frest framlengdan og bárust andsvörin 8. júlí. Með bréfi, dags. 9. júlí var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 20. júlí. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt reikningi, dags. 28. desember 2006, keypti álitsbeiðandi kæli- og frystiskáp hjá Y sem kostaði kr. 29.995. Álitsbeiðandi segir skápinn hafa verið keyptan sem B-vöru vegna útlitsgalla, en svo virtist sem mótörinn í skápnum hafi gefið sig. Hafi hann gert kröfu til að seljandi greiddi viðgerðarkostnaðinn eða tæki a.m.k. þátt í honum. Viðgerðarkostnaðurinn nemi um kr. 50.000. Seljandi hafi ekki viljað fallast á þetta en boðist til þess að gefa sér 10% afslátt af kaupverði nýs ísskáps. Álitsbeiðandi kveðst hafa talið sig vera að kaupa ísskáp sem ætti að endast alla vega í 10-15 ár en ekki tvö og hálf ár.

#### **IV**

##### **Andsvör gagnaðila**

Í andsvörum seljanda kemur fram að í maí eða júní 2009 hafi ísskápurinn verið metinn óviðgerðarhæfur. Þá hafi álitsbeiðanda verið boðinn 10% afsláttur af nýjum ísskáp og samkvæmt því væri álitsbeiðandi að greiða u.þ.b. kr. 15-20.000 fyrir tveggja og hálfis árs notkun á ísskápnum. Þessu hafi álitsbeiðandi hafnað.

#### **V**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni og á reikningi sem henni fylgdi keypti álitsbeiðandi ísskápinn sem útlitsgallaða vöru fyrir tæpar kr. 30.000 28. desember 2006. Ljóst er af gögnum málsins að galli kom fram í ísskápnum eftir u.þ.b. tveggja og hálfis árs notkun og deila aðilar í sjálfu sér ekki um það. Að sögn álitsbeiðanda myndi kosta um kr. 50.000 að gera við ísskápinn.

Það er álit kærunefndarinnar að um ábyrgð seljanda á göllum á ísskápnum fari eftir 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að kvörtunarfrestur sé í þessu tilviki 5 ár. Ekkert er komið fram um að gallinn á ísskápnum verði rakinn til notkunar álitsbeiðanda á honum.

Í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um galla á söluhlut og í 26. gr. laganna um úrræði neytanda vegna viðkomandi galla. Í b-lið 1. mgr. 26. gr. segir að neytandi geti valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. laganna. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi geri við ísskápinn sér að kostnaðarlausu. Í 1. mgr. 29. gr. segir eftirfarandi:

„Neytandi getur valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þetta á þó ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda.“

Það er álit kærunefndarinnar að áætlaður viðgerðarkostnaður á ísskáp álitsbeiðanda miðað við kaupverð ísskápsins og áætlað verðmæti hans eftir tveggja og hálfis árs notkun sé það mikill að það verði að telja ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda samkvæmt framangreindri lagagrein. Það er hins vegar álit kærunefndar að álitsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum samkvæmt ákvæðum e-liðar 29. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 33. gr. sömu laga enda er ísskápurinn honum gagnslaus. Í síðarnefndu lagagreininni segir að um skaðabætur fari samkvæmt XI. kafla laganna. Skaðabætur til handa álitsbeiðanda verða ekki metnar öðru vísi en að álitum við það mat verður að hafa í huga að álitsbeiðandi hafði óskert not af ísskápnum í nærri tvö og hálf ár. Þá verður að líta til þess að verð á vöru sem ísskápnum hefur hækkað umtalsvert frá því að álitsbeiðandi keypti ísskápinn. Með framanskráð í huga er álit kærunefndarinnar það að seljanda, Y, beri að greiða álitsbeiðanda kr. 25.000.

**VI**  
**Álitsorð**  
Y greiði, X kr. 25.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir